

Borholur í Hörðudalshreppi (3801) í Dalasýslu



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2014/015


Ágúst 2014

Inngangur


Í þessari greinargerð er farið yfir þær borholur sem eru í Hörðudalshreppi hinum forna. Þær eru fjórar að tölu. Í 1. töflu eru upplýsingar um holurnar og staðsetningar eru sýndar á 1. og 2. mynd.

1. tafla. Borholur í Hörðudalshreppi í Dalasýslu.

Staðarnr.	Heiti	Lögbýli	Dýpi	Borár	N-hnit	V-hnit
33291	HL-01	Hlíð	132	2002	64° 58.439	21° 43.273
33292	HL-02	Hlíð	66	2002	64° 58.194	21° 43.349
33331	KS-01	Ketilsstaðir	102	2008	65° 00.722	21° 51.758
32931	GA-01	Gautastaðir	108	2003	64° 59.670	21° 53.433



1. mynd. Staðsetning borholna í Hörðudalshreppi hinum forna.



2. mynd. Staðsetning borholna við Hlíð í Hörðudal.

HL-01 - Hlíð

Borhola HL-01 er um 120 metra norðaustur af bænum og er ofan við nyrðri enda fjárhúsanna. Hún er þar í óslægju og erfitt að finna hana. Í holunni er dæla og vatnið nýtt.



3. mynd. Borhola HL-01 í Hlíð. Fjárhúsin í baksýn.

HL-02 - Hlíð

Borhola HL-02 er ofan við sumarbústað sem er neðan Þjóðveggar og gegnt bænum Hlíð. Holan er um 30-40 metra ofan við sumarhúsið og er austan við heimreiðina þar sem hún sveigir niður að bústaðnum. Í holunni er dæla og vatnið nýtt.



4. mynd. Borhola HL-02 í Hlíð. Sumarhúsið er bak við trén til vinstri á myndinni.

KS-01 - Ketilsstaðir

Borhola KS-01 er undir skemmuvegg bak við íbúðarhúsið á Ketilsstöðum. Vatn er í holunni en dæla hefur ekki verið sett í hana.



5. mynd. Borhola KS-01 á Ketilsstöðum.

GA-01 - Gautastaðir

Borhola GA-01 er í grasflöt bak við húsið á Gautastöðum. Holan er í plastbrunni og vel frá henni gengið. Dæla er í holunni og vatnið nýtt.



6. mynd. Borhola GA-01 á Gautastöðum. Íbúðarhúsið í baksýn.



7. mynd. Borhola GA-01 á Gautastöðum.